

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1356/96

frá 8. júlí 1996

um sameiginleg ákvæði sem gilda um vöru- eða fólksflutninga á skipgengum vatnaleiðum milli aðildarríkja með það í huga að koma á frelsi til að veita slíka flutningsþjónustu(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í því að koma á sameiginlegri stefnu í flutningum felst meðal annars að samþykkja ber sameiginlegar reglur sem gilda um markaðsaðgang að vöru- eða fólksflutningum á skipgengum vatnaleiðum milli landa innan yfirráðasvæðis bandalagsins. Með samþykkt þessara reglna ber að stuðla að því að koma á innri flutningsmarkaði.

Einsleitt fyrirkomulag að því er varðar markaðsaðgang felur einnig í sér að koma verður á frelsi til að veita þjónustu með því að afnema öll höft á aðilum sem veita þjónustu á þessu sviði sakir þjóðernis þeirra eða þess að þeir hafa staðfestu í öðru aðildarríki en því þar sem veita á þjónustu.

Eftir inngöngu nýrra aðildarríkja gildir mismunandi fyrirkomulag milli aðildarríkjanna að því er varðar flutninga milli landa og umflutninga eftir skipgengum vatnaleiðum vegna tvíhliða samninga sem hafa verið gerðir milli tiltekinnra aðildarríkja og nýs aðildarríkis. Því ber að samþykkja sameiginlegar reglur til að tryggja eðlilega starfrækslu innri flutningsmarkaðarins og, einkum og sér í lagi, að koma í veg fyrir röskun á samkeppni og skipulagi þess markaðar sem um ræðir.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 175, 13. 7. 1996, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 164, 30. 6. 1995, bls. 9.

(2) Stjtið. EB nr. C 301, 13. 11. 1995, bls. 19.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 15. nóvember 1995 (Stjtið. EB nr. C 323, 4. 12. 1995, bls. 31), sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. janúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 87, 25. 3. 1996, bls. 53) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 6. júní 1996 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

Bandalagið eitt er lögbært að því er ráðstöfun þessa varðar og aðeins er unnt að ná því markmiði sem stefnt er að með því að samþykkja einsleitar reglur og skuldbindingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um vöru- eða fólksflutninga á skipgengum vatnaleiðum milli aðildarríkja og flutninga um þau.

2. gr.

Atvinnurekanda á sviði vöru- eða fólksflutninga á skipgengum vatnaleiðum skal heimilt að stunda flutningsstarfsemi sem um getur í 1. gr. hér að framan án þess að vera mismunað á grundvelli þjóðernis eða þess hvar hann hefur staðfestu, að því tilskildu að hann:

- hafi staðfestu í aðildarríki í samræmi við lög þess,
- hafi leyfi í því sama aðildarríki til að stunda vöru- eða fólksflutninga milli landa á skipgengum vatnaleiðum,
- noti fyrir slíka flutningsstarfsemi skip til siglinga á skipgengum vatnaleiðum sem eru skráð í aðildarríki eða, ef þau eru ekki skráð, sé handhafi skírteinis sem staðfestir að skipin tilheyri flota aðildarríkis, og
- uppfylli skilyrði 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3921/91 frá 16. desember 1991 um skilyrði fyrir flutningi á vörum eða farþegum á skipgengum vatnaleiðum í aðildarríki þar sem flutningsaðilinn hefur ekki búsetu ⁽⁴⁾.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar hafa ekki áhrif á réttindi sem atvinnurekendur í þriðju löndum eru tryggð samkvæmt endurskoðuðum samningi um siglingar á Rínarfljóti (Mannheim-samningnum), samningi um siglingar á Dóná (Belgrað-samningnum) eða réttindi samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum Evrópubandalagsins.

(4) Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1991, bls. 1.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugusta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

R. QUINN

forseti.